

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 104 1. mars 1986, um sérstakt gjald af bifreiðum, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986, orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í eftirfarandi sjö flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 2. mgr. 4. gr:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	5
II	701— 800	1 001—1 300	13
III	801— 900	1 301—1 600	20
IV	901—1 100	1 601—2 000	27
V	1 101—1 300	2 001—2 300	37
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	47
VII	>1 500	>3 000	55

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. má gjald samkvæmt reglugerð þessari aldrei vera hærri en sem nemur 134,99% af fob-verði hvernar bifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi frá og með 12. október 1987.

Ákvæði til bráðabirgða

Nú hefur innflytjandi, áður en reglugerð þessi gengur í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða þegar í stað bifreið sem gjaldskyld er og skal þá ekki innheimta hið hækkaða bifreiðagjald skv. reglugerð þessari heldur bifreiðagjald skv. 2. gr. reglugerðar nr. 104/1986, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 19. október 1987.

Hafi bifreið verið afhent innflytjanda fyrir 12. október 1987 með leyfi tollyfirvalda, með eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, skal greiða af henni hið hækkaða bifreiðagjald skv. reglugerð þessari nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 12. nóvember 1987 en þá skal greiða gjald skv. 2. gr. reglugerðar nr. 104/1986, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986.

Fjármálaráðuneytið, 9. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.